6 29. jan. nöfn húsa þeirra eða stræta, þar sem hlutaðeigandi á heima. Í Reykjavík er sleppt dálkinum fyrir jafnaðarsjóðsgjaldi.

Þettta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir.

Fyrirmynd fyrir manntalsbók.

1879 N þingsókn í N sýslu.

Heimili gjaldanda.	Gjaldendur.	Jarðarábúð og afnot hndr.	Lausafje. hndr.	Skattur. á ábúð ál.	Skattur. á lausafje. ál.	Skattur. samtals ál.	Skattur. samtals kr. a.	Tekjuskattur kr. a.	Húsaskattur kr. a.	Búnaðarskólagjald kr. a.	Jafnaðarsjóðsgjald. kr. a.	Allt þinggjaldið kr. a.

7 29. jan. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* styrk til að nema innanbœjarbúsýslu. — Jafnframt því að senda mjer bónarbrjef yngisstúlku Sigurbjargar Friðriksdóttur um, að henni verði af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber þetta ár af fje því, er getur um í 10. gr. C 5 fjárlaganna, veittur 4—500 kr. styrkur til að nema í Danmörku, mjólkurmeðferð, smjörgjörð, ostagjörð og önnur innanbœjarstörf, svo að hún síðarmeir geti tekizt á hendur kennslu í þessum greinum, einkanlega í Skagafjarðarsýslu, hafið þjer, herra amtmaður, lagt yðar beztu meðmæli með beiðni þessari.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg samkvæmt ofannefndum tillögum yðar samþykki, að til þessa verða varið 400 kr. af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber af fje því, er veitt er með áðurnefndri fjárlagagrein, þó vil jeg skjóta því til yðar, að að eins helmingurinn af styrk þessum verði útborgaður hlutaðeiganda, þá er hún fer hjeðan; en hinn helmingurinn, þegar hún færir sönnur á að hafa um hœfilegan tíma stundað áminnzt nám, og tekið góðum framförum í því. Sjeuð þjer, herra amtmaður, mjer samdóma um þetta, mun á yfirstandandi fjárhagsári að eins verða ávísað 200 kr. til þessa fyrirtœkis; en eptirstöðvunum mun verða ávísað samkvæmt síðari tillögum amtsins, og bið jeg mjer tjáða þóknanlega skýrslu um, hvað afráðið verður í þessu tilliti.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 11. dag janúarmánaðar skipaði landshöfðingi aðstoðarprest sira Jens Pálsson á Arnarbæli til þess að vera prest þingvalla kirkjusóknar, í Árnesprófastsdœmi.

29. s. m. var kandidat Þorsteinn Benidiktsson skipaður prestur Lundar og Fitja safnaða í Borgarfjarðar prófastsdœmi.

Landshagsskýrslur.

Mannfjöldi á Íslandi árin 1873—1877.

A. Fœðingar, mannalát, hjónabönd og fermingar í hverju prestakalli og prófastsdœmi.